

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 204/2021

2024/EES/13/16

frá 9. júlí 2021

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar
reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/407 frá 3. nóvember 2020 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 í því skyni að bæta virka efninu sítrónusýru við í I. viðauka við hana ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 12n (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32021 R 0407**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/407 frá 3. nóvember 2020 (Stjttíð. ESB L 81, 9.3.2021, bls. 15).“

2. gr.

Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/407, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. júlí 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

formaður.

(¹) Stjttíð. ESB L 81, 9.3.2021, bls. 15.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.